



## Ávallt á vegi

### Aðgerðaráætlun til að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaaksturs

Utanvegaakstur er náttúruverndarmál. Skemmdir á landinu eyðileggja upplifun okkar af náttúrunni og rýra framtíðarmöguleika á nýtingu landsins t.d. í ferðaþjónustu. Markmiðið er að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaakstri, en auðvitað væri æskilegast að utanvegaakstur heyrði alfarið sögunni til. Áætlunin er í sex köflum og innan hvers kafla eru markmið ásamt aðgerðum og leiðum að þeim. Lagt verður í mikla vinnu á næstu árum til að sporna gegn akstri utan vega. Meðal þess sem lagt verður upp með:

- Lagaramminn endurskoðaður
- Vegir verði vel merktir
- Ráðist í lagfæringu á skemmdum
- Vegir verði rétt skráðir í GPS tækjum og kortagrunnum
- Slóðum utan vegakerfis lokað
- Hert eftirlit, sérstaklega á viðkvæmum svæðum
- Fræðsluáttak, m.a. fyrir unga ökumenn og ferðamenn
- Samvinna við ferðaþjónustu og útivistarhópa til að skapa sátt

## 1 Skýr lög og reglur um utanvegaakstur

---

### Markmið

**Að lagalegt umhverfi sé skýrt og skilvirkt. Vegir verði skilgreindir og lögfestir jafnt innan miðhálandislínu sem annars staðar. Gerð verði grein fyrir öllum vegum í skipulagsáætlunum sveitarfélagana.**

### Ástand mála

**Lagaramminn er ekki nægilega skýr. Í málum þar sem ákært hefur verið vegna utanvegaaksturs hefur ákæran ekki alltaf leitt til sakfellingar. Refsingar eru of vægar að mati margra og virðast ekki hindra ítrekuð brot. Stöðug nýmyndun slóða á sér stað. Ekki er gerð grein fyrir öllum vegum og slóðum í skipulagsáætlunum sveitarfélaganna.**



## **Aðgerðir og leiðir að markmiðum**

- 1.1 Fara yfir náttúruverndarlög, umferðarlög og vegalög m.a. með hliðsjón af lagaumhverfi nágrennalandanna og skoða einstök atriði og hugtök í lögunum, s.s. hugtakið veg og götuslóða, fara yfir undanþágur frá banni við akstri utan vega, s.s. vegna vinnu við landbúnað, vegalagnir.. Kanna þarf refsirammann vegna aksturs utan vega með það m.a. í huga að refsingar séu í samræmi við alvarleika brota sem og möguleika á upptöku á ökutækjum vegna slíkra brota.
- 1.2 Skilgreina vegi innan miðhálandislínunnar í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög og í framhaldinu setja reglugerð þar sem skilgreindir vegir innan miðhálandislínu koma fram í viðauka. Í reglugerðinni þarf að koma skýrt fram hvað felst í merkingu vega á kort og að rafrænir kortagrunnar og kortaútgáfa sé í samræmi við þá vegi sem koma fram í hinum opinbera vegagrunni. Koma þarf á þeirri skyldu að vegir samkvæmt kortagrunninum fari inn í aðalskipulag sveitarfélaganna.

## **2 Betri miðlun upplýsinga um leyfilegar akstursleiðir**

---

### **Markmið**

**Að kort og rafrænir kortagrunnar sýni löglega vegi. Að upplýsingar um ökuleiðir séu aðgengilegar við aðalleiðir inn á hálendið og helstu leiðir séu stikaðar og merktar.**

### **Ástand mála**

**Ferðamenn telja sig ekki alltaf örugga um að vera á löglegum vegi vegna skorts á merkingum og ónákvæmum kortum. Ábendingar um kort og kortagrunna sem innihalda villandi upplýsingar um vegi og slóða berast reglulega til ráðuneytisins. Aðeins lítill hluti vega og slóða á hálendinu eru stikaðir. Villuslóðar myndast m.a. vegna þess að ökumenn fylgja hjólförum sem fyrir eru í landinu.**

### **Aðgerðir og leiðir að markmiðum**

- 2.1 Miðla upplýsingum um vegagrunn á heimasíður helstu stofnana og upplýsingaveita. Gera vegagrunn aðgengilegan kortaútgefendum og rafrænum kortagrunnshöfum. Auglýsa betur þau svæði sem ætluð eru fyrir akstur torfærutækja. Auglýsa betur þau svæði sem ætluð eru fyrir akstur torfæruvélahjóla.
- 2.2 Merkja og stika helstu vegi á hálendinu þar sem ástæða er talin til. Auknar merkingar og viðhald leyfilegra vegslóða á hálendinu og bætt auðkenning þeirra firrir ökumenn ekki ábyrgðar á að fara eftir löglegum leiðum. Loka slóðum utan löggilts vegakerfis. Sérstakt átak í stikun vega og uppsetningu vegvísa er áætlað 2010-2013.



### 3 Aukin vitund um utanvegaakstur og náttúruvernd

---

#### Markmið

**Fækka tilvikum þar sem utanvegaakstur á sér stað innan og utan hálandisins vegna virðingarleysis eða vanþekkingar. Stöðva nýmyndun slóða. Auka umhverfisvitund og virðingu almennings og ökumanna fyrir lögum um utanvegaakstur.**

#### Ástand mála

Umhverfisstofnun, Umhverfisstofnun og lögreglan fá fjölda tilkynninga og upplýsinga um tilvik um akstur utan vega á hverju ári. Landskemmdir eru viðvarandi vandamál vegna stöðugar nýmyndunar slóða. Stundum virðist vera um vanþekkingu að ræða, en erlendir ferðamenn virðast sumir t.d. hafa þá mynd að á Íslandi sé leyfilegt að aka hvar sem er. Í öðrum tilvikum virðist um ónóga virðingu fyrir náttúrunni að ræða.

#### Aðgerðir og leiðir að markmiðum

- 3.1 Auka fræðslu og upplýsingagjöf á sem flestum sviðum. Beina fræðslu til sem flestra hópa. Fræðslan getur verið í formi bæklinga, skilta, mynda, fyrirlestra, kennsluefnis og á heimasíðum fyrirtækja og stofnana og beina henni á sem flesta staði s.s. ferðamanna við komuna til landsins s.s. um borð í Norrænu og flugstöð, innflutnings- og söluaðila vélhjóra og bíla, ferðaþjónustufyrirtækja, félags ökumanna ofl.
- 3.2 Vinna fræðsluefni fyrir markhópa svo sem erlenda ferðamenn, ökunema, grunn- og framhaldsskólanema, félög jeppa- og vélhjólamanna, veiðimenn ofl.
- 3.3 Auka samstarf við fjölmiðla um málaflokkinn.
- 3.4 Fræða og auka samstarf við Ferðamálastofu og aðila í ferðaþjónustu.
- 3.5 Halda áfram starfi Umhverfisstofnunar með samráðshópi um fræðslu gegn akstri utan vega t.d. með fundum og tryggja að samráðshópurinn sé vel upplýstur.
- 3.6 Nýta betur afl háskólasamfélagsins til í þágu málefnsins s.s. rannsóknir, málþing og fyrirlestra.



## **4 Eftirlit með utanvegaakstri og mat á umfangi vandans**

---

### **Markmið**

Að eftirlit með lögum og reglum sé skilvirkt og tekið verði á brotum vegna utanvegaaksturs og þeim sem brjóta lög í samræmi við umhverfisskaða. Auka þekkingu yfirvalda á umfangi vandans.

### **Ástand mála**

Eftirlit með lögum um utanvegaakstur getur verið erfitt þar sem brotin eiga sér stundum stað fjarri mannabyggðum. Slíkt á þó ekki alltaf við þar sem stór hluti kvartana vegna landskemmda er vegna aksturs í nágrenni höfuðborgarinnar. Þeir sem aka utan vega eru oft farnir af vettvangi þegar brotin uppgötvast. Ekki er til nákvæmt yfirlit yfir umfang og útbreiðslu vandans og því er erfitt að meta nákvæmlega árangur af aðgerðum yfirvalda s.s. fræðslu og laga- og reglugerðarsetningu og því þarf að efla skráningu.

### **Aðgerðir og leiðir að markmiðum**

- 4.1 Auka þarf eftirlit lögreglunnar með lögum og reglum; beina tilmælum til lögreglu um aukið eftirlit. Efla þarf skráningu tilvika. Hvetja til aukins eftirlits og samstarfs við Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Hálandisgæsluna, Landhelgisgæsluna og lögreglu.
- 4.2 Auka fræðslu fyrir eftirlitsaðila s.s. lögreglu og landverði. Samræma þarf viðbrögð landvarða og lögreglu við brotum.
- 4.3 Auka eftirlit og aðgerðir til að sporna við akstri utan vega innan friðlýstra svæða.
- 4.4 Efla skráningu á umfangi og tíðni tilvika. Verklag við eftirlit og skráningu þarf að vera skýrt. Þjóðgarðsverðir, landverðir, Landsbjörg og aðrir eftirlitsaðilar skrái nákvæmlega umfang og tíðni brota. Umhverfisstofnun skili árlegri samantekt um ástand mála.
- 4.5 Upplýsa dómsmálaráðuneyti og lögregluembættum landsins um verkefnið og efla samstarf við þessa aðila. .
- 4.6 Meta hvort breytinga sé þörf innan friðlýstra svæða t.d. bann við umferð á ákveðnum svæðum.



## 5 Sátt um nýtingu landsvæða

---

### Markmið

Að allir útivistarhópar geti stundað útivist án þess að til árekstra komi við aðra hópa.

### Ástand mála

Útivistarhópar kvarta undan ágangi annarra útivistarhópa. Göngufólk telur sig verða fyrir ónæði af völdum vélknúinna ökutækja, hestamenn telja að hesta- og vélhjólaumferð fari illa saman. Vélhjólamenn telja að of mikið sé einblínt á vandamál sem tengjast vélhjólum og litið sé framhjá landskemmdum af völdum göngufólks og hestamanna, skíðafólk telur sig verða fyrir óþægindum vegna vélknúinna ökutækja á opinberum skíðasvæðum. Samtök ferðaþjónustuaðila telja nauðsynlegt að vinna að skipulagningu svæða til að koma í veg fyrir ágreining og árekstra milli mismunandi hópa.

### Aðgerðir og leiðir að markmiðum

- 5.1 Auka samstarf við sveitarfélög og hagsmunaaðila um skipulagningu útivistarsvæða með það að markmiði að lágmarka hagsmunaárekstra.
- 5.2 Bæta aðstöðu vélhjólafólks til ferðalaga og akstursíprótta og greina þarfir þeirra til að stunda sína útivist. Umhverfisstofnun og Landgræðsla veiti sveitarstjórnnum ráðgjöf um ákjósanleg svæði fyrir akstursípróttir. Umhverfisstofnun tekur málið upp við sveitarfélög (Samband íslenskra sveitarfélaga) og samgönguráðuneytið.
- 5.3 Meta hvort hægt sé að nota lausnir og niðurstöður frá starfshópi um utanvegaakstur á Reykjanesi þegar þær liggja fyrir og yfirfæra á önnur sambærileg svæði.
- 5.4 Kanna hvernig reglugerð um búnað ökutækja m.t.t. hávaða sé framfylgt, kanna möguleika á takmörkun hávaðamengunar frá vélknúnum ökutækjum almennt og svæðisbundið.

## 6 Lagfæringar vegna landskemmda

---

### Markmið

Skilgreina og lagfæra þau svæði sem verst eru farin af völdum utanvegaaksturs.

### Ástand mála

Landskemmdir af völdum utanvegaaksturs má sjá víða á landinu. Töluvert er um skemmdir í nágrenni höfuðborgarinnar s.s. á Reykjaneskaganum og á



**Hengilsvæðinu. Að Fjallabaki, Snæfellsnesi, Héraðssandi og víðar eru svæði þar sem slæm för eftir utanvegaakstur sjást og þarfnast lagfæringar. Landskemmdir á hálendinu og í nágrenni höfuðborgarinnar eru áhyggjuefni umhverfisyrvalda. Ferðaþjónustuaðilar telja einnig að landskemmdir og illa farin svæði eyðileggi upplifun ferðamanna og skerði möguleika ferðaþjónustunnar bæði nú en einnig í náinni framtíð þar sem búist er við aukningu í ferðaþjónustu á næstu árum.**

### **Aðgerðir og leiðir að markmiðum**

- 6.1 Meta umfang skemmda innan ákveðinna svæða og gera tillögur um úrbætur.
- 6.2 Gera átak í lagfæringum landskemmda 2010-2013.
- 6.3 Þróa aðferðir við lagfæringu skemmda vegna aksturs utan vega.

### **Þverfaglegt verkefni unnið í samstarfi margra ráðuneyta og stofnana**

Aðgerðaráætlunin sem hér er sett fram er ætlað að samnýta krafta og tengja saman stofnanir og ráðuneyti sem tengjast á einn eða annan hátt aðgerðum gegn utanvegaakstri. Utanvegaakstur veldur skemmdum og eyðileggingu á landinu og eyðileggur upplifun okkar af náttúrunni og getur um leið rýrt framtíðarmöguleika okkar á nýtingu landsins t.d. ferðaþjónustunnar. Utanvegaakstur er náttúruverndarmál sem tengist skipulags- og útivistarmálum, löggæslu og eftirliti með lögum og reglum, vitund og virðingu fólks um náttúruna og umhverfið og má því segja að málefnið sé þverfaglegt. Vandamálið er margþætt og snertir fleiri en eitt ráðuneyti og margar stofnanir. Þessi áætlun er setta fram til þess að stofnanir geti samræmt sínar áherslur og að tryggt sé að allir séu að vinna að sama markmiði. Verkefnið er samvinnuverkefni og áætlunin er unnin í samráði við helstu stofnanir ráðuneytisins. Markmiðið með þessari vinnu er að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaakstri eins og hægt er, en auðvitað væri æskilegast að utanvegaakstur heyrði alfarið sögunni til. Áætluninni er ætlað að koma til framkvæmda á þremur árum og er hún í sex köflum.

Það er nauðsynlegt að skýrar reglur og lög gildi um málið en einnig þarf að vera gott eftirlit með því að gildandi lögum og reglum sé framfylgt til þess að ná settum markmiðum. Ferðamönnum sem fara um landið þarf að vera ljóst hvar leyfilegt er að aka og hvar það er óheimilt. Því er gert ráð fyrir að sérstakt átak verði gert í merkingum slóða og að ólöglegum slóðum verði lokað. Utanvegaakstur ber vott um virðingarleysi fyrir náttúrunni og því þarf að vinna að því að auka umhverfisvitund þeirra sem ferðast um landið. Þeir sem stunda útivist er ekki einsleitur hópur fólks heldur hafa einstakir hópar sem stunda útivist oft á tíðum ólíka sýn á málefnið og ólíkar þarfir. Það er ætlun umhverfisyrvalda að setja skýrar reglur og stuðla að sátt milli ólíkra hópa útivistarfólks. Áætlunin er í sex köflum og innan einstakra kafla eru sett fram markmið jafnframt því að settar eru fram leiðir og aðgerðir sem eiga að koma til framkvæmda á tímabilinu til þess að hægt sé að uppfylla sett markmið.



Áætlunin nær yfir allt landið en í sumum málum ná einstakir framkvæmdarliðir yfir afmörkuð svæði svo sem eins skilgreiningu á vegum innan miðhálandislínunnar.

Varðandi vinnu við skilgreiningu á vegum innan miðhálandislínunnar þá setti umhverfisstofnunin á fót starfshóp með fulltrúum Samgönguyfirvalda (Vegagerðarinnar), Umhverfisstofnunar og Landmælinga Íslands sem starfar með sveitarfélögunum að skilgreiningu vega og hefur það samstarf gengið afar vel. Fulltrúar frá Samtökum útivistarfélaga, *SAMÚT* hafa einnig setið fundi með starfshópnum og sveitarfélögunum. Á þeim fundum hafa tekið þátt m.a. fulltrúar sveitastjórna, starfsmenn skipulags- og bygginganefnda, umhverfisnefnda og fjallskilanefnda sveitarfélaganna.

Varðandi fræðslu – og samráð hefur umhverfisstofnunin skipað samráðshóp um fræðslu gegn akstri utan vega, sem hefur starfað frá byrjun árs 2009. Flestar stofnanir og hagsmunaaðilar sem tengjast málefnum akstur utan vega á Íslandi eiga sæti í þessum hópi. Í hópnunum hefur farið fram hugmyndastarf, sem meðal annars hefur nýst við gerð þessarar áætlunar, sem og alhliða fræðslustarf sem hefur beinst að ferðamönnum og ökumönnum. Sú stefnumótun sem felst í aðgerðaráætluninni mun gefa samráðshópnum áþreifanlegri grunn og umboð fyrir áframhaldandi fræðslustarfi.